

Nd.

238. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjaanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjaanna og eignir þess.

Frá minni hl. varnarsamningsnefndar (EOL).

Afstaða Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins gagnvart hernámssamningnum frá 5. maí 1951 og aðstöðu Alþingis til að fjalla um hann var mörkuð í upphafi þessa þings með þeirri yfirlýsingu flokksins, er ég las upp á þingfundi 2. okt. og hljóðaði svo:

„Frá því Alþingi var slitið síðasta vor hafa gerzt þau tíðindi í landi voru, að stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið brotin af ríkisstjórninni og landið verið ofurselt erlendum her, sem að undirlagi ríkisstjórnarinnar hefur hernumið landið.

Alþingi hafa með þessu stjórnlagarofi verið settir tveir kostir.

Annar er sá, að sætta sig við framið ofbeldi. En engin aðgerð Alþingis eftir á getur löghelgað þann verknað, sem valdhafarnir auðsjáanlega óttuðust að aldrei fengist drygður, ef þing og þjóð yrðu látin ráða því áður að lögum. Alþingi getur tekið þann kost og þar með kropsið valdinu, svo sem það gerði á niðurlægingatíma þjóðar vorrar hinum fyrra. En aldrei getur það afsalað þjóðinni þeim rétti, sem hún var rænd með stjórnlagarofinu og hernáminu 5.—7. maí, réttinum til að ráða landinu og byggja það ein og frjáls.

Hinn kosturinn er sá, að ómerkja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ógilda þar með þann hernámssamning, sem hún gerði við eitt sterkasta herveldi heims, eftir að hafa árum saman þegið fjárgjafir af ríki því og gert íslenska ríkið þeim fjárgjöfum háð að hennar áliti.

Þessi er sú leið, sem þjóð og þing fyrr eða síðar munu velja.

Baráttan á Alþingi mun því héðan af fyrst og fremst mótast af því markmiði, svo sem var á undanförunum öldum, að endurheimta til þings og þjóðar fullt vald yfir landinu og algert fjárforræði í hendur þjóðarinnar. Barátta Íslendinga mun því beinast fyrst og fremst gegn því herveldi, sem lagt hefur undir sig landið, og þeirri landstjórn, sem það heldur uppi með fé sínu og segir fyrir verkum.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins í byrjun þessa þings, að þeirri baráttu verður haldið áfram, unz sigur er unninn og hið erlenda herveldi verður að sleppa tókum á þjóð vorri og innrásarher þess að hrökklast burt af landi voru fyrir einhuga kröfum vopnlausrar en sameinaðrar þjóðar vorrar.

Þessa yfirlýsingu vildi ég flytja hinu fyrsta Alþingi lýðveldisins, sem nú hefur störf sín í hernumdu landi á friðartímum.“

Afstaða flokksins til innihalds samningsins var birt opinberlega 8. maí í vor, strax eftir hernámið, með yfirlýsingu til þjóðarinnar, er miðstjórn Sósíalístaflokksins gaf út og prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal nr. I.

Ég hafði búizt við því, að þess yrði kostur að ræða þennan samning í nefndinni, svo afdrifaríkur sem hann getur orðið, en svo varð ekki. Mun ég nú hér gera nokkra grein fyrir rökum mínum gegn þessum samningi.

### 1. Sögulegur aðdragandi samningsins.

Ísland hefur einu sinni áður gert samning um „hvernd“ við Bandaríkin. Sá samningur var gerður af ríkisstjórn 25. júní 1941 og lagður fyrir Alþingi 9. júlí s. á., en deginum áður hafði amerískt herlið stigið á land á íslenskri grund.

Það hefur síðan verið upplýst, að sá „samningur“ var þannig til orðinn, að íslenzku ríkisstjórninni voru settir eins konar úrslitakostir að samþykkja þennan

„samning“ innan 24 klukkustunda, og það gerði hún. Síðan var hann lagður fyrir Alþingi sem gerður hlutur. Það Alþingi, er samþykkti hann, hafði enga heimild til þess. Umboð þess frá kjósendum, er því var gefið með kosningunum 20. júní 1937 til fjögurra ára, var runnið út 20. júní 1941. Þrír flokkar þingsins, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, höfðu komið sér saman um að brjóta stjórnarskrána, láta kosningar ekki fara fram, en veita sjálfum sér umboð til þingsetu. Þessir sjálfkjörnu þingmenn samþykktu síðan nauðungarsamninginn frá 25. júní. Sumir þeirra fengu þó ekki dulið andúð sína, svo sem þáv. þm. Akur-eyrar, er sagði svo m. a. í greinargerð fyrir atkvæði sínu:

„Mun ekki verða hjá því komizt að gera þennan samning við Bandaríkin, því að hnífurinn er á barka okkar. Þessi ríki hafa ráð okkar í hendi sér og geta bannað alla flutninga til landsins, þau geta komið í veg fyrir það, að við getum flutt einn fiskugga úr landi, og stefnt þannig fjárhag okkar og lífi í hættu. Ég sé því ekki, að komizt verði hjá því að samþykkja þetta, og mun því ekki greiða atkvæði á móti þessu, þó að ég héldi í fyrstu, að ég mundi gera það, og getur meira að segja verið, að ég greiði beinlínis atkvæði með málinu, þó að ég geri það nauðugur.“

Samkvæmt þessum ólöglega nauðungarsamningi skuldbundu Bandaríkin sig til að fara með her sinn burt af Íslandi strax að stríði loknu.

Er stríðinu lauk, brugðust Bandaríkin þessu heiti sínu og rufu þannig samninginn. Kváðust þau skilja hann á annan veg en Íslendingar og sátu sem fastast með her sinn hér að stríðslokum.

En Bandaríkjastjórn sú, sem nú var tekin við undir forsæti Trumans, lét sér það ekki nægja, heldur ætlaði auðsjáanlega að hagnýta sér hina ólöglegu hersetu sína á Íslandi til þess að ná varanlegum hernaðaritökum á landi voru.

1. okt. 1945 fór Bandaríkjastjórn fram á það við ríkisstjórn Íslands, að Bandaríkjunum væru afhentir þrír tilteknir staðir á Íslandi: Keflavíkurlflugvöllur, Skerjafjörður og Hvalfjörður — til herstöðva í 99 ár undir algerum bandarískum yferráðum. Með þessum „tilmælum“ sýndi Bandaríkjastjórn, hvað hún hugðist fyrir gagnvart Íslandi: að ná hér herstöðvum sér til handa. Þessi yfirdrottunarstefna hins ameríska hervalds var þá ekki hulin neinum átyllum, svo sem þeim, að Íslendingar ættu að sameinast Bandaríkjunum til baráttu gegn bolsévismanum, eins og Hitler hafði sagt við þær smáþjóðir, sem hann gerði sér undirgefna. Bandaríkjastjórn sýndi Íslandi klærnar 1. okt. 1945, án þess að fela þær í silkiglófa lýðræðisins, svo að Íslendingum má síðan vera minnisstætt hvað sú stjórn vill oss. Það er táknrænt um haldleysi þeirra átyllna, sem nú eru notaðar af sömu mönnum, er höfnuðu kröfum Bandaríkjanna frá 1. okt. 1945, að bera saman afstöðu Bandaríkjanna annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar gagnvart þeim Norðurlöndum, er þau höfðu her í 1. okt. 1945.

Sovétríkin höfðu her bæði í Noregi og Danmörku 1. okt. 1945. Sovétríkin tilkynntu stjórnnum þessara landa, að þau færu með her sinn á brott úr þeim og hófu í sama mánuði brottflutning hersins og luku honum bráðlega.

Bandaríkin höfðu her á Íslandi 1. okt. 1945 og tilkynntu þá ríkisstjórn Íslands, að þau færu alls ekki burt með hann fyrr en þeim sýndist, svo og skeyttu engu um skilning Íslendinga á samningnum, en kröfðust hins vegar herstöðva til 99 ára.

Síðan hafa Bandaríkin klófest Ísland sem herstöð og svælt Noreg og Danmörk inn í hernaðarbandalag við sig. Þetta á svo að heita ágengni frá Sovétríkjunum!

Ólafur Thors, er var forsætisráðherra 1945, lýsti ágengni og yfirdrottunarstefnu Bandaríkjanna, er fram kom í kröfum þeirra 1. okt. 1945, á þessa leið í þingræðu 20. sept. 1946 (Alþt. 1946, aukafing. B. 140):

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera voldugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sinu

landi. Og margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi. Gegn þessu reis íslenska þjóðin.“

Ísland hafnaði kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar 1945 og bauð yfirgangi þessa völduga herveldis byrginn, vegna þess að Sósíalístaflokkurinn var í stjórn og gerði það að skilyrði stjórnarsetu, að árás þessari á sjálfstæði landsins væri hrundið. Þá markaði þjóðina stórhugur og ættjarðarást, sem einkennt hafði lýðveldisstofnunina, og góður efnahagur hennar og sæmileg lífskjör voru raungóður grundvöllur þess stolts, sem kom fram í neituninni á því að beygja sig fyrir ágengni Bandaríkjastjórnar.

Bandaríkjastjórn mun hafa orðið fyrir vonbrigðum, er henni mistókst að sölsa undir sig herstöðvar á Íslandi 1945. En því, sem henni mistókst að ná í einu áhlaupi, hugði hún nú að ná eftir nokkrum krókaleiðum og í nokkrum áföngum. Áfangarnir voru þessir:

1. Með Keflavíkursamningnum 5. okt. 1946 náði hún fangstað á íslenskri grund undir fölsku yfirskini og klæddi nú hermenn sína í borgaraleg fót, unz sá tími kæmi, að hún þyrði að sýna Íslendingum framan í her sinn einkennisklæddan aftur.

2. Með Marshallsamningnum 1948 tryggði hún sér yfirráðin yfir efnahagsmálum Íslendinga, og síðan hefur lífskjörum landsbúa hrakað, svo sem reynslan sýnir. Með því að gera ríkisstjórn landsins sér háða með hinum miklu fjárgjöfum, en leiða hins vegar atvinnuleysi og kauplækkanir yfir almenning, hugðist Bandaríkjastjórn skapa sér fylgispaka ríkisstjórn í landinu, en brjóta kjark þjóðarinnar með aukinni fátækt almennings. Jafnhliða átti svo samstilltur áróður hinna amerísk-sinnuðu blaða á Íslandi að brjála svo dómgreind almennings, að Bandaríkjastjórn fengi komið hernaðaráformum sínum á Íslandi í framkvæmd.

3. Með Atlantshafssamningnum 30. marz 1949 tryggði Bandaríkjastjórn sér átyllu þá, sem nú er vitnað í, til þess að ná herstöðvum þeim, sem Bandaríkin allt þetta árabíl ætluðu sér að klófesta hér.

Þó voru bæði Keflavíkursamningurinn og Atlantshafssamningurinn af hálfu formælenda þeirra einmitt varðir undir því yfirskini, að einmitt væri verið með þessum samningum að fyrirbyggja, að herstöðvar yrðu á Íslandi.

Ólafur Thors sagði 1946 — Keflavíkursamningnum til varnar — í ræðu þeirri, er áður var vitnað í, þessi orð fyrst um herstöðvakröfurnar 1945 og svo um Keflavíkursamninginn:

„Hins vegar töldu Íslendingar, að réttur til herstöðva á Íslandi erlendu ríki til handa væri ekki samræmanlegur sjálfstæði Íslands og fullveldi.“ — Og svo ofurlítið síðar: „Að nefna þennan samning (Keflavíkursamninginn) í sömu andranni og hið svonefnda herstöðvamál er goðgá.“

Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra sagði um Atlantshafssamninginn í Morgunblaðinu 22. marz 1949 út af viðræðum ráðherranna við Bandaríkjastjórn:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þess afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Nú hafa þessir menn, sem lýstu sig andvíga herstöðvum á Íslandi og vopnun Íslendinga, snúið við blaðinu. Nú lýsa þeir því yfir, að sjálfsgagt sé, að erlent ríki hafi herstöðvar á Íslandi á friðartímum og helzt eigi Íslendingar líka að taka upp vopnaburð sjálfir.

Þessi snarsúningur þessara manna gefur til kynna, að þeir hafi vitandi vits sagt þjóðinni ósatt, er verið var að blekkja hana inn í hernaðarbandalag. Tilgangur þeirra hafi verið að sefa hana, unz þeir áráddu að hleypa erlendum her inn í landið, svo að ofurefli slíks hers gæti sýnt þjóðinni í tvo heimana, ef hún tæki að mögla.

Er það einkum eftirtektarvert, hvernig tilhneigingar Sjálfstæðisflokksins til fasisma hafa aukizt síðan hinn ameríski her kom inn í landið.

Þannig hefur sá hluti þjóðarinnar, er trúði þessum mönnum, verið dreginn á talar með ósannindum um fyrirætlanir Bandaríkjanna, unz Bandaríkjastjórn þótti tími til kominn að ráðast með her sinn inn í land vort, láta ríkisstjórnina samþykkja innrásina og leggja undir sig Ísland sem herstöð.

Takmarki því, sem Bandaríkjastjórn ætlaði að ná í einu áhlaupi 1. okt. 1945, tókst henni að ná í áföngum, og var lokaáfanginn hernámið 7. maí 1951. Eftir það hernám var átyllunum, sem veifað hafði verið í kosningum undanfarið, fleygt fyrir borð. Bysustingir Bandaríkjahers áttu nú að verða haldbeztu rökin gagnvart Íslendingum.

Síðan virðist það vera næsti áfanginn að kenna Íslendingum að heita byssustingjum, hver gegn öðrum, ef dæma skal eftir ræðu utanríkisráðherra á landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Það fyrsta, sem Alþingi verður að gera sér ljóst viðvíkjandi þeim „samningi“, er hér liggur fyrir, er, að hann er frá hálfu Bandaríkjastjórnar liður í þrauthugsaðri hernaðaráætlun, framkvæmd á þeim þætti hennar að leggja Ísland undir sig í tíð okkar, sem nú lifum, barna okkar og barnabarna, ef Bandaríkin fengju framgengt 100 ára hersetu sinni, er þau kröfðust 1945. Reynslan hefur sýnt, að yfirlýsingum þeirra manna, sem nú í 6 ár hafa hjálpað Bandaríkjunum til að ná Íslandi á sitt vald, er ekki trúandi. Þá yfirlýsingu, er þeir gefa við samþykkt eins málsins (t. d. Atlantshafssamningsins) lýsa þeir sjálfir ómerka, er þeir hefja framkvæmd á næstu fyrirskipun Bandaríkjanna gagnvart Íslandi, svo sem hernáminu nú.

Ef Ísland á ekki að breyta úr höndum Íslendinga og íslenzkt þjóðerni, jafnvel þjóð vor sjálf, að tortímast, þá verður að láta staðar numið á þeim helwegi, sem þjóð vor er teymd inn á og leiðir til sams konar niðurlægingar og vér urðum áður að þola sem nýlenduþjóð. Aðeins er þessi óheillabraut nú gengin miklu hraðar en eftir 1262.

## 2. Forsendur og einstök atriði samningsins.

Í nefndinni fékkst samningurinn ekki lesinn yfir grein fyrir grein og athugasður þannig.

Ég mun nú hér ræða í stuttu máli forsendur samningsins og nokkur atriði hans.

1. Ástæður til þess, að Ísland sé gert að herstöð, eru taldar þessar:

a. „Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt.“ Það liggur í augum uppi, að Íslendingar geta ekki varið land sitt fyrir hernaðarárás stórveldis eins og t. d. Bandaríkjanna. Ef þetta er ástæða til að biðja um her hingað, þá er þar með sagt, að alltaf verði að vera erlendir her á Íslandi, meðan hernaður sé hafður um hönd á jörðunni. Með þessum forsendum er beinlínis neitað rétti vor Íslendinga til að vera lausir við erlendan her og ráða einir landi voru.

b. „Tvísýnt er um alþjóðamál“ — er önnur höfuðástæðan, sem færð er fram fyrir nauðsyn á hernáminu í upphafi samningsins. Það hefur verið tvísýnt um alþjóðamál síðustu aldirnar. Það er líklegt, að talið verði tvísýnt um alþjóðamál, meðan undirokaðar nýlenduþjóðir eru að varpa af sér oki þeirra þjóða, sem arðrænt hafa þær síðustu áratugi og aldir. Sé því tvísýni í alþjóðamálum næg ástæða til hernáms Íslands, þá mun langt þar til Bandaríkjastjórn finnst ekki nógu tvísýnt í alþjóðamálum til að viðhalda hernámi á Íslandi. Leiðir þá af forsendum samningsins, að þeir, sem hann gera, hugsa hann til langframa.

2. Í 1. gr. er ákveðið, að Ísland láti í té aðstöðu í landinu með „varnir“ fyrir augum. Það er í sífellu talað um varnir í þessum samningi, en ekkert ákvæði til í honum, sem leggi viðurlög, ef Bandaríkin nota aðstöðuna, sem þeim er látin í té, til árásarstriðs. Ríkisstjórn Íslands áskilur sér engan rétt til ráðstafana, ef Bandaríkin misnota aðstöðu sína, ekkert vald til að koma í veg fyrir slíka misbeitingu.

En það þýðir, að ríkisstjórn Íslands tekur á sig gagnvart öðrum ríkjum ábyrgðina af því að láta Bandaríkjunum í té hernaðaraðstöðu á Íslandi, sem þau síðan geta notað til árása á önnur lönd, ef þeim býður svo við að horfa. Þetta er stórhættulegt atriði, sem jafnvel þeir, sem fylgjandi væru samningnum, ættu að vera reiðubúnir til að lagfæra, ef þeir gera samninginn „bona fide“, þ. e. í trú á yfirlýstan tilgang hans, en ekki beinlínis til að tryggja Bandaríkjunum yfirráð á Íslandi, eins og Bandaríkjustjórn og erindrekar hennar á Íslandi stefna að.

3. Í 2. gr. er ákvæðið, að íslenska ríkið skuli láta Bandaríkjunum í té landsvæði hér á landi, án þess að Bandaríkjunum beri skylda til að greiða fyrir það. Mun tilætlunin, að íslenska ríkið greiði þær fjárfúlgur, sem hér kann að verða um að ræða. Með þessari grein samningsins er því verið að leggja hernaðarútgjöld á herðar íslenska ríkisins og þó reynt að dylja það fyrir almenningi eins og hægt er. Þessi útgjaldaliður getur orðið gifurlega þungur og bætist ofan á þær drepani skatta- og tollabyrðar, sem þegar eru að sliga almenning.

4. Í 7. gr. er bætt inn hættulegu ákvæði, sem getur orðið Bandaríkjunum átylla til hersetu hér á landi, þótt samningi þessum væri sagt upp. Þar segir, að þótt þessum samningi væri sagt upp, þá „skal sú aðstaða, sem veitt er með samnnigi þessum, látin í té á sama hátt“, hvenær sem atburðir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til. Samkvæmt 5. og 6. gr. nefnds samnings er Ísland aðeins skyldugt til þátttöku í hernaðaraðgerðum, ef ráðizt hefur verið á eitt land bandalagsins að dómi íslenskra stjórnarvalda. Samkvæmt þeim samningi er Ísland laust allra mála, ef stjórnarvöld þess álita t. d. viðkomandi land Atlantshafsbandalagsins vera árársaðilann. — En setjum nú svo, að Bandaríkin fremji slíka árás, — eftir að þau væru farin héðan út af uppsögn þessa samnings, — en litu sjálf svo á, að á þau væri ráðizt, og gerðu þá kröfu til hernaðaraðstöðu hér, þótt íslensk ríkisstjórn væri á annarri skoðun um upptök styrjaldarinnar. Þá stendur í þessari grein, að afstaðan skuli látin í té, og Bandaríkin munu þá standa fast á sínum skilningi, eins og þau gerðu, er Ísland deildi við þau um skilning samningsins frá 1941. Með þessu orðalagi er beinlínis verið að gefa Bandaríkjunum slíka átyllu. Til hins sama bendir síðasta málsgreinin í 7. gr., um viðhald mannvirkjanna, ef samningurinn félli úr gildi. Vitað er, að Ísland gæti vart né vildi undir slíkum kringumstæðum viðhalda hernaðarmannvirkjunum, — og þá skal Bandaríkjunum heimilað að annast viðhald þeirra. Með öðrum orðum: Þessi samningur skuldbindur Ísland, jafnvel þótt honum væri sagt upp strax, til að lofa Bandaríkjunum að viðhalda flugvöllum, herskipahöfnum og öðrum hernaðarmannvirkjum á Íslandi um lengri tíma og nota þau í stríði, jafnvel þótt íslensk ríkisstjórn áliti Bandaríkin hefja árásarstríð.

Öll ákvæði þessa „samnings“ miðast því við að tryggja Bandaríkjunum langvarandi hersetu í landinu og að gefa þeim átyllu til áframhaldandi hersetu eða notkunar herstöðva hér í sína þágu, jafnvel þótt íslensk stjórnarvöld álitu Bandaríkin hefja árásarstríð eða vildu vera laus við allar erlendar herstöðvar í landinu. Með samþykkt svona samnings er því verið að binda hendur kjósenda landsins og komandi stjórnarvalda þess og gefa erlendu herveldi aðstöðu, sem það samkvæmt þessum samningi mundi nota í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar og íslenskra stjórnarvalda, ef þessir aðilar væru annars sinnis en Bandaríkjustjórn um hernaðaraðgerðir. Þessi ákvæði eru eins lymskuleg og þau eru hættuleg.

### 3. Réttarstaða liðs Bandaríkjanna.

Með „viðbæti“ þeim, sem fylgir samningnum og fjallar um réttarstöðu herliðs Bandaríkjanna, er lögsaga Íslendinga yfir Íslandi brotin, þar sem Íslendingar hafa þá ekki lengur lögsögu yfir öllum mönnum, er hér dveljast. Auk skerðinganna á fullveldi Íslands, sem felast í þessum „viðbæti“ eins og í samningnum öllum, er þar að auki svo um búíð, að íslenskir borgarar búa sjálfir við hið mesta öryggisleysi. Skulu talin upp nokkur atriði:

1. Bandaríkjamönnum er afhent lögregluvald á „sanningssvæðunum“ (10. liður 2. gr.) Auk þess hneykslis að fela útlendum mönnum slíkt vald, er svo illa frá þessu gengið, að engin ákvæði eru um, hver sanningssvæði séu, hvernig þau skuli auglýst og merkt, svo að Íslendingur getur verið kominn inn á amerískt umráðasvæði í landi sínu án þess að vita af.

2. Amerísk yfirvöld geta tekið Íslendinga fasta og haldið þeim eins og þeim sýnist, unz íslensk stjórnarvöld hefja saksókn gegn Íslendingunum (2. gr. 6. c.). Hvað þetta þýðir, getur hver maður, sem þekkir hið gerspilla réttarfar Bandaríkjanna og aðferðir herlögreglu þeirra, gert sér í hugarlund. Menn geta nærri, hvað verður um rétt Íslendinga, sem lenda í klóm Bandaríkjahersins, þegar svipuð íslensk yfirvöld og nú eru, eiga að vera „verndin“ gagnvart Bandaríkjunum.

3. Íslensk yfirvöld skuldbinda sig til þess að hundelta þá Ísleidinga og færa til yfirheyrslu hjá Bandaríkjamönnum, sem Bandaríkin kunna að óska eftir út af málaferlum (2. gr. 7. b.).

4. Bandaríkjamönnum er veitt sérstakt skattfrelsi og tollfrelsi hér á landi (7. og 8. gr.

5. Íslenska ríkisstjórnin afsalar sér rétti til skaðabótakrafna á hendur Bandaríkjunum fyrir það tjón, sem hernaðaraðgerðir kunna að valda hér á landi (12. gr.). Slíkan rétt hafði Ísland áður, og kröfu um bætur fyrir slíkan skaða eiga íslenskir borgarar á hendur íslenska ríkinu samkv. lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Það er ekkert í þeim lögum afnumið. En hins vegar átti íslenska ríkið áður endurgreiðslukröfu á Bandaríkin fyrir slíkt tjón. Nú hefur þeim rétti verið fórnað. Næsta skrefið mun verða að eyðileggja lögín frá 1943, svo að íslenskir þegnar standi uppi algerlega réttlausir, þrátt fyrir ægilegt tjón, sem þeir kunna að hljóta vegna þessa sannings, sem einvörðungu er gerður vegna hernaðarlegra hagsmuna og yfir-drottunarstefnu Bandaríkjanna.

„Viðbæturinn“ er þannig allur viðbót við þá smán og þann skaða, sem Íslandi og Íslendingum er ger með aðalsamningnum.

#### 4. Réttur ríkisstjórnarinnar til sanningsgerðarinnar og aðstaða Alþingis til „staðfestingar“ hans.

Hvað snertir rétt ríkisstjórnarinnar til þess að gera þennan samning, þá er engum blöðum um það að fletta, að ríkisstjórnin hefur með þeirri aðferð, er hún þar beitti, brotið bæði lög og stjórnarskrá. Skal um það atriði vísað til ýtarlegrar greinar eftir ungan, efnilegan lögfræðinema, Inga R. Helgason, sem birtist í Þjóðviljanum 10. júlí 1951 og styðst einkum við túlkanir Bjarna Benediktssonar sem lögfræðiprófessors á þeim verkum, er ríkisstjórnin nú hefur framið. Birtist sú grein hér á eftir sem fylgiskjal nr. 2 („Hið nýja afnám Alþingis Íslendinga“).

Hvað snertir svo aðstöðu Alþingis til þess að eiga nú að samþykkja þennan samning, þá er aðeins eitt um hana að segja:

Það er amerískur her á Íslandi. Það er ekki hægt að gera bindandi samning við Bandaríkin, meðan þau hafa her í okkar landi. Allir samningar Alþingis við Bandaríkin undir slíkum kringumstæðum hafa jafnmikið lagagildi og undirskrift manns undir samning, framkvæmd meðan skammbysson er miðuð á hann.

Samþykkt Alþingis á þessum samningi getur því ekki skuldbundið þjóð vora, eins og nú er ástatt í landinu.

Það er hins vegar eftirtektarvert atriði um, hvernig verið er að reyna að gefa erlendu ríki rétt á Íslandi, jafnvel þvert ofan í vilja Alþingis, að Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að ríkisstjórnin hefði fullan lagalegan rétt til þess að gera þennan samning samkvæmt þingsályktunartillögu um Atlantshafssamning, hvað sem Alþingi nú segði. Ef sami skilningur er hjá Bandaríkjastjórn, sem ekki þarf að efa, þá mundi hún því skoða þennan samning

skuldbindandi fyrir Ísland, jafnvel þótt Alþingi nú hafnaði honum. Þannig er ríkisstjórnin samkvæmt eigin yfirlýsingu að taka fram fyrir hendur Alþingis og veita erlendu ríki herstöðvar og sérrettaraðstöðu á Ísland, samtímis því sem ríkisstjórnin tekur á móti svo miklum fjárgjöfum frá því ríki, að hún segist ekki geta komið af án þeirra. — Þannig er ríkisstjórn, sem fjárhagslega er háð hinu erlenda stórveldi, að gera „samning“ við það, sem að áliti ríkisstjórnarinnar og Bandaríkjanna skuldbindur Ísland, hvað sem Alþingi gerir.

Þessar aðfarir minna óneitanlega meir á þær aðferðir, sem Bandaríkjastjórn hefur við að stjórna upplendum sínum í Mið- og Suður-Ameríku, en á hætti Íslendinga í samningum við erlend ríki fram að þessu. En það er alkunna, að í ýmsum þeim löndum Mið- og Suður-Ameríku og víðar, þar sem auðvald Bandaríkjanna á mestra hagsmunum að gæta, mútar það ríkisstjórnunum til samninga við sig, og ef ameríska auðvaldið óttast óþægilegar stjórnarbreytingar í landinu, þegar kosningar nálgast, gerir það sér hægt um hönd og lætur leppa sína gera uppreisn nokkru fyrir kosningar og tryggja með aðstoð hins þæga hers vald sitt í landinu. (Minnt er á nokkrar aðfarir Bandaríkjanna við að ná taki á þessum löndum í fskj. 3).

Það er vafalaust eðlileg afleiðing þeirra stjórnarháttá, sem verið er að koma á hér á landi með þessum hernáms-„samningi“, að nú skuli frumkvöðlar hans bera fram kröfu um að vopna hér innlandan her og draga ekki dul á, að beita eigi honum gegn Íslendingum sjálfum, eins og skýrt kom fram á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í frásögn Morgunblaðsins af honum.

##### 5. Afleiðingar þessa samnings fyrir Ísland í friði og stríði.

Þá er að lokum að gera sér grein fyrir því, hverjar afleiðingar þessi „samningur“ hefur fyrir Ísland í friði og stríði, ef hann er látinn standa.

Fyrst skulu þá athugaðar afleiðingarnar, ef friður helzt. Séu þær röksemdir teknar gildar, sem ríkisstjórnin nú færir fram fyrir gildistöku samningsins, má búast við alllöngu hernámi landsins að óbreyttum stjórn málaástandi hér innanlands. Löngu hernámi mundi að líkindum fylgja vaxandi vígbúnaður Bandaríkjanna hér á landi, aukinn innflutningur hermanna og vaxandi kröfur Bandaríkjastjórnar á hendur Íslendingum um landsvæði, framlög og jafnvel vopnun Íslendinga. Afleiðing slíks yrði hætta á glötun þjóðernis vors, þjóðmenningar allrar og frelsis. Yfirráð Íslendinga einna yfir Íslandi yrðu gerð að orðum tómunum með áratuga hersetu framandi þjóðar. Og réttur vor til að byggja þetta land einir, yrði, ef Bandaríkin þannig næðu því, sem þau heimtuðu 1945 — 99 ára herseta, hættur að vera veruleiki: Ísland væri þá orðið amerísk nýlenda, þar sem hinir „innfæddu“ sættu að líkindum hlutskipti Indíánanna, — ef Íslendingar sættu sig við yfirgang Bandaríkjanna á sama hátt og undanfarin 5 ár.

Þetta yrði hlutskipti Íslands í friði, að óbreyttu stjórn málaástandi á Íslandi. Og ef ríki þau í Evrópu, sem nú eru í Atlantshafsbandalaginu, færu úr því hvert á fætur öðru, af því að þau þyldu ekki núverandi ánauð og yfirgang Bandaríkjanna gagnvart þeim, þá mundu Bandaríkin kreppa klær sínar enn fastar um Ísland, ef Íslendingar létu þeim haldast það uppi.

Ef þjóð vor ætlar að koma í veg fyrir þessar ægilegu hættur, sem hennar bíða við áframhaldandi hernám á friðartíma, er því ekki seinna vænna að gera það en nú með því að Alþingi ógildi þennan samning.

Þá er að athuga afleiðingar þessa samnings, ef til ófriðar kæmi milli auðvalds Bandaríkjanna og alþýðuríkja Evrópu.

Slíkur ófriður yrði Íslandi ægilegur, hvort sem það væri þegar hernumið af Bandaríkjunum sem „bandamaður“ fyrir stríðið eins og nú er eða það yrði hernumið af Bandaríkjunum sem hlutlaust land í upphafi slíks stríðs. Þó væri eina veika vonin um að sleppa við hörmungar stríðs sú, að lýsa landið „óvarið land“, eins og sumar elztu menningarborgir Evrópu, svo sem París og Róm, voru lýstir „óvarðar

borgir“ í síðasta stríði og sluppu mjög við eyðileggingar. Með hernámssamningi eins og þeim, sem hér er um að ræða, væri landið gert að styrjaldarvettvangi frá upphafi með Íslandi sem beinum stríðsaðila og á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og flokka þeirra, er ábyrgð taka á því athæfi.

Orrustur um Ísland yrðu því ægilegri fyrir landsbúa, því meiri sem svokallaðar „varnir“ væru, — því fleiri herflugvellir, herskipahafnir og hvers kyns vígvélar, sem yrðu hér, því harðvítugar yrði barizt. Allar slíkar „varnir“ eru aðeins tæki fyrir herinn og svo langt frá því að vera „varnir“ fyrir íbúa landsins, að þær þvert á móti auka eyðileggingarnar og skelfingarnar, er yfir þá dyndu.

Það er nóg hlutverk fyrir þjóð vora og ríkisstjórn landsins að reyna að sjá um, að íslensk þjóð yrði lifandi í þessu landi, eftir að ný heimsstyrjöld hefði verið háð.

Hitt er einn örlagaríkasti glæpur, sem hægt er að fremja gagnvart íslenskrum þjóð, að leiða hana sem ábyrgan styrjaldaraðila út í heimsstyrjöld, ef háð yrði. En það er verið að gera með samþykki þessa „samnings“, ef auðvald Bandaríkjanna þorir að leggja til þess árásarstríðs á Sovétríkin, sem það nú undirbýr með árásarstöðvum þeim, sem það hefur komið sér upp alla leið frá Japan, suður og vestur um Asíuströnd og Asíulönd, — nú síðast hjá hinum nýja bandamanni Íslands, Hund-Tyrkjanum, — og um Vestur-Evrópu alla leið til Íslands og Grænlands.

Ég skal að lokum minna á orð, sem ég áður hef vitnað í og sýna hvað hugsandi Bretar ætla að biði Íslendinga og þeirra sjálfra, ef til slíks stríðs kemur. Það er það, sem „New Statesman and Nation“ sagði í grein eftir Ritchie Calder fyrir nokkrum árum og ræddi þá afstöðu Englands:

„Við þurfum ekki að ræða, hvað Ameríka og Sovétríkin halda, að þau geti unnið með svona stríði. Það er nóg fyrir okkur að hugleiða örlög okkar, ef við flækjumst í stríð milli hnatthelminganna. Við vitum, að sá, sem á ræðst, stendur betur að vígi, og það er ómögulegt að hugsa sér Stóra-Bretland sem árásaradilann. En við getum ásamt Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi verið herstöð í fremstu víglínu fyrir Ameríku.“ Og „Bulletin of the Atomic Scientists“ segir í ritstjórnargrein sinni: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu víglínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt, og væntanlega gegn þeirra vilja.“

Hvernig sem á er litið, felur þessi „samningur“ því ekkert í sér nema hættur fyrir Ísland og íslenska þjóð.

Ég legg því til, að frv. þetta sé afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samningur sá, sem frv. þetta á að staðfesta, er gerður af ríkisstjórninni þvert ofan í lög og stjórnarskrá og stofnar framtíð íslensks þjóðerns og tilveru íslenskrar þjóðar í hættu, en Alþingi álitur það hins vegar fyrir neðan virðingu sína að ræða slíkan milliríkjasamning við erlent ríki, meðan her þess er í landinu, vísar deildin máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. nóv. 1951.

Einar Olgeirsson.

#### Fylgiskjal I.

##### Ávarp til Íslendinga frá miðstjórn Sósíalístaflokksins 8. maí 1951.

Ríkisstjórn Íslands hefur með „samningi“ við Bandaríki Norður-Ameríku kallað amerískan her inn í land vort og tryggt honum herstöðvar þær, er ameríska auðvaldið heimtaði af Íslendingum 1. október 1945 til 99 ára og Íslendingar neituðu þá um.



Samningsgerð þessi er brot á lögum og stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins. Samkvæmt lögum skal leggja öll mikilvæg utanríkismál fyrir utanríkismálanefnd. Samkvæmt stjórnarskránni, 21. gr., þarf samþykkis Alþingis við til að leggja slíkar kvaðir á land og þjóð, sem í þessum samningi felast. Samningur þessi er því hvorki löglega né siðferðislega skuldbindandi fyrir þjóð vora. Hann er einkasamningur spilltustu höfðingja landsins við framandi hervald, gerður á þeirra persónulegu ábyrgð.

Tilgangur þessa samnings af hálfu hins ameríska auðvalds er að leggja land vort undir sig til langframa og geta notað það sem herstöð til árása á meginland Evrópu. Tilgangur hinnar spilltu höfðingjaklíku lands vors með því að fá herinn inn í landið er að geta notað hann gegn íslenzku þjóðinni, — ef valdhafarnir álta auði sínum eða völdum hættu búna.

Afleiðing þessa samnings getur á friðartímum orðið glötun frelsis vors, sjálfstæðis og þjóðernis, en á ófriðartímum kallar samningur þessi yfir landið hörmungar hernaðaraðgerða, eyðileggingu flestra efnahagsverðmæta og ófyrirsjáanlegt manntjón og gæti leitt til eyðingar lands og þjóðar, — allt á ábyrgð þeirra manna, er nú að þjóðinni fornspurðri hafa tekið örlagaríkustu ákvarðanir í sögu hennar.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gerir þennan samning við ríkisstjórn, sem hún hefur gert sér handgengna og háða með fjárgjöfum, er skipta hundruðum milljóna króna. Slíkir ráðherrar eru þess ekki umkomnir að geta komið fram sem sjálfstæðir aðilar fyrir Íslands hönd.

Þingmenn stjórnarflokkanna og Alþýðuflokksins eru kallaðir til Reykjavíkur til þess að gjalda jáyrði við þeim staðreyndum, sem gerðar eru. Samtímis eru bandarísk herskip að ósk Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra látin liggja í Reykjavíkurhöfn og amerískir hermenn hafðir í landi, eftir fyrirmynd Hendriks Bjelke höfuðsmanns við undirskrift Kópavogsskuldbindingarinnar. Þó mun það hernám hugans, sem forheimskunarmálgögnin hafa framið, hafa nægt til þess að tryggja samþykki þingmanna Marshall-flokkanna, án þess að benda þyrfti þeim á byssustingina. En aðferðin er jafntáknræn fyrir ofbeldi ameríska auðvaldsins við Ísland og undirlægjuhátt keypra þýja þess.

Í nafni íslenzku þjóðarinnar ákærum vér ríkisstjórn Bandaríkjanna Norður-Ameríku fyrir að hafa sent vopnaðan her inn í friðsamt land, fyrir að niðast á fámennri, varnarlausri þjóð, til þess að ná landi hennar sem herstöð. Það dregur ekki úr sök bandaríska auðvaldsins á þessu niðingsverki gagnvart Íslandi, þótt auðvald Ameríku hafi náð slíkum tókum á valdhöfum lands vors með fjárgjöfum, blekkingum og grýlusögum, að það hafi getað látið þá undirskrifa fyrirskipanir hins ameríska hervalds og traðka á lögum og stjórnarskrá landsins.

Framkoma ríkisstjórnar Bandaríkjanna gagnvart þjóð vorri frá því árið 1941 hefur verið óslitin röð ofbeldis og svika á gefnum loforðum eða samningum.

25. júní 1941 er ríkisstjórn Íslands kúguð til þess með 24 klukkutíma úrslitakostum að afhenda Bandaríkjunum Ísland til hersetu.

Að stríði loknu reynir Bandaríkjastjórn 1. október 1945 að kúga Íslendinga, meðan hún enn hefur her í landinu, til þess að afhenda þrjá staði á landinu undir hennar yfirráð í 99 ár sem herstöðvar.

Þegar Íslendingar neita þessum yfirgangi, rýfur Bandaríkjastjórn samninga sína og neitar að fara burt með her sinn af landinu, nema Keflavíkursamningurinn sé gerður.

Eftir að Keflavíkursamningurinn er gerður 5. október 1946, taka Bandaríkin til að brjóta hann, hrifsa undir sig öll yfirráð á vellinum og svíkjast um að greiða Íslandi hundruð milljóna í tolla og skatta, sem þeim ber.

Þannig hefur amerískt auðvald ár frá ári aukið ágang sinn, eftir að undan því var látið 5. október 1946, unz nú er svo komið, að Bandaríkin sölsa undir sig yfirráð íslenzkra atvinnumála, heimta að ráða kaupgjaldi Íslendinga, banna að Al-

þingi Íslendinga samþykki lög um hagsmuni landsmanna, — og knýja nú loks fram afhendingu landsins sem opinberrar herstöðvar.

Amerískir auðdrottinnar hafa þannig með fláttskap og ofbeldi unnið að því á undanförunum áratug að leggja undir sig land vort í áföngum. Þeir hafa notið til þess aðstoðar spilltustu valdhafa landsins, svo sem Hákon gamli gerði forðum daga, er hann vélaði af oss frelsi vort.

En hvernig sem réttindum vorum er rænt og valdi þjóðarinnar yfir landinu hnekk, þá mun þjóð vor aldrei viðurkenna það réttarrán, aldrei lúta því framandi valdi, sem nú er að sölsa Ísland undir sig.

Íslendingar! Örlagarikustu atburðir í sögu þjóðar vorrar kalla oss til varðstöðu um málstað lands vors.

Hernám það, sem ameríska auðvaldið hefur nú framið, á að þess hyggju að vera langvarandi og leiða til fullkominnar undirokunar vor Íslendinga undir Bandaríkin.

Mætið þessu hernámi með þeirri mótspyrnu einni, sem vér fámennir og vopnlausir, friðsamir og frelsisunnandi, getum veitt.

Látið ekki æðrast þótt ofbeldi sé beitt, og látið ekki heldur ögra yður til verka, sem innrásarherinn mundi nota sem átyllu til frekari árása.

Berjizt um hvert atriði réttar vors til yfirráða í landi voru, þegar innrásarherinn hyggst ræna þeim rétti.

Standið saman um, að Íslendingar haldi óskertu dómsvaldi í landi sínu! Hindrið, að Bandaríkjamenn fái sjálfir að dæma í eigin sök, geri þeir sig seka um rán, nauðganir og manndráp eins og þeir gerðu hér síðast.

Standið saman um að hindra, að amerískt auðvald eða umboðsmenn þess leggi skatta á Íslendinga til þess að greiða herkostnað af innrás og hervirkjum Bandaríkjamanna í landi voru.

Standið órofa vörð um tungu vora, þjóðerni og menningu gegn þeirri skrilmenningu ameríska mammonsríkisins, sem nú gerir innrás í land vort.

Standið vörð gegn því hernámi hugans og hjartans, gegn forheimskunni og þýlindinu, sem leppblöðin og leppflokkar amerísku auðvalds boða, — því það hernám er öllu öðru hættulegra.

Íslendingar! Hefjizt handa, hver á sínum stað, til þess að vinna aftur það, sem nú hefur glatazt:

Vinna aftur land vort úr höndum ameríska auðvaldsins, — vinna það með því að sameina þjóðina í órofa fylkingu — gegn þeirri ríkisstjórn, sem svikið hefur Ísland í hendur erlends hervalds, — gegn því stórveldi, sem notað hefur sér varnarleysi og fámenni Íslands og fláttskap valdhafa þess til þess að níðast á því.

Full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir öllu landi voru og öllum málum vorum!

Burt með allan erlendan her af Íslandi!

Ísland fyrir Íslendinga!

Hvað sem á dynur, hvort sem hin nýja sjálfstæðisbarátta vor stendur lengur eða skemur, látið boðorðið forna sameina þjóðina á ný:

Aldrei að víkja frá algerum rétti vor Íslendinga einna til að ráða þessu landi og byggja það einir og frjálsir!

## Fylgiskjal II.

**INGI R. HELGASON:**

**Hið nýja afnám alþingis Íslendinga.**

### I.

Að morgni hins 7. maí síðastliðins var Ísland hertekið af bandarískum innrásarher. Klukkan hálf sjö þennan sama morgun tilkynnti íslenska ríkisstjórnin, að hún hefði hinn 5. maí gert samning við Bandaríki Norður-Ameríku, þar sem Banda-

rikjunum er heimilað að hafa herstöðvar á Íslandi. Það sló felmtri og óhug á íslenzku þjóðina við svo niðingsleg svik. Með þessu athæfi höfðu valdhafar Íslands að fullu og endanlega látið undan kröfum Bandaríkjanna um opinberar herstöðvar á Íslandi þvert ofan í svardaga sjálfra sín og margyfirlýstan vilja íslenzku þjóðarinnar að leyfa engu erlendu ríki slík friðindi hér. Herstöðvakrafur Bandaríkjanna voru fyrst bornar fram í október 1945. Vegna mjög eindreginnar andstöðu þjóðarinnar gegn þeim sáu Bandaríkin sinn kost vænstan að draga kröfur sínar til baka í bili, þ. e. þar til leppum þeirra íslenzkum tækist að koma málum þannig fyrir á bak við þjóðina, að bandarískum her væri óhætt að hernema landið og koma hér upp herstöðvum sínum. Þetta hefur nú loksins tekizt, en tók tæp sex ár.

Sá maðurinn, sem ber persóulega ábyrgð á þessum drottinsvikum við íslenzku þjóðina, er sjálfur utanríkisráðherra hennar, Bjarni Benediktsson. Aðalverkefni hans í ráðherrastóli undanfarin ár hefur verið að skipuleggja lygarnar um, að Sovétþjóðirnar hyggi til innrásar í Ísland, sem ástundaðar hafa verið af öllum borgarablöðunum í því skyni að lama viðnámsþrótt þjóðarinnar gagnvart hinum bandarísku kröfum. Óheilindi og sviksemi ráðherrans í garð íslenzku þjóðarinnar og um leið blygðunarlaus leppmennska hans í þágu bandarískra stjórnarvalda er auðsæilegust í ljósi þeirrar staðreyndar, að hann skuli alla sína ráðherratið standa í leynimakki við Bandaríkjastjórn um það, hvenær og hvernig bandaríski herinn eigi að hertaka landið, en notar á sama tíma hvert tækifærið eftir annað til að fullvissa landa sína um, að á slíku sé engin hætt, að enginn skilji það betur en Bandaríkjamenn, að Íslendingar vilji ekki hafa herstöðvar í landi sínu, að slíkt komi ekki til mála. Það voru til dæmis ekki dónaleg ummæli, sem Bjarni lét hafa eftir sér í viðlestnasta blaði landsins meðan stóð á samningsgerðinni um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum aldrei samþykkja að erlendum her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þessa afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“ (Morgunblaðið 22. marz 1949.)

En hvað skeður svo?

Áður en nokkur Íslendingur veit, er Bjarni Benediktsson sjálfur búinn að undirrita samning við Bandaríkjastjórn um bandarískar herstöðvar í landinu á friðartímum, og íslenzka þjóðin vaknar snemma morguns í maí við gny í herflugvélum, sem eru að flytja fyrstu hernámsliðssveitirnar til landsins!

Íslandssagan og komandi kynslóðir Íslendinga munu dæma Bjarna Benediktsson fyrir þessi ósannindi hans, ótryggð hans við þjóð sína og þjónustulipurð hans í erindisrekstri erlends vopnavalds á Íslandi. Þessa hlið á landráðastarfsemi utanríkisráðherrans ætla ég ekki að ræða í grein minni, heldur hina, hvaðan þessum manni kemur valdið til að afhenda landið bandaríska hernum með privat samningi við hr. Lawson, og hvort samningur þeirra kumpána sé gildur að ríkisrétti. Í því efni verður að styðjast við gildandi stjórnarskrá og lög íslenzka lýðveldisins og glugga svo í fræðibækur og kennslubækur prófessora í stjórnlagafraði, þar sem glöggar útskýringar er að fá.

## II.

Hið nýja hernám Íslands er framkvæmt samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, sem birtur var Íslendingum hinn 7. maí, eftir að herinn var kominn, en undirritaður í leyni af Bjarna Benediktssyni tveimur dögum áður, hinn 5. maí, og staðfestur þann sama dag í ríkisráði Íslands af handhöfum forsetavalds, en aldrei lagður fyrir Alþingi Íslendinga. Nokkru síðar gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um, að ákvæði þessa samnings hefðu lagagildi á Íslandi. Áður en ég vík að þessari einstæðu samningsgerð, þykir mér rétt til glöggvunar að fara

örfáum almennum orðum um gildandi íslensk lagaákvæði um gerð millirikjasamninga.

Hver gerir millirikjasamning fyrir Íslands hönd, svo að gilt sé að þjóðrétti og ríkisrétti?

Í samræmi við viðurkenndar þjóðréttarreglur kveður 21. grein íslensku stjórnarskrárinnar frá 1944 svo á, að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki, en takmarkar þó um leið samningsvald hans á þann veg, að suma samninga má hann ekki gera án samþykkis Alþingis. Orðrét hljóðar 21. gr. stjkskr. svo:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Orðalag fyrri málsgreinar 21. greinarinnar: „forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki“ — hefur aldrei verið skilið á þann veg, að forseti eigi sjálfur að vasast í samningaumleitunum og annast samningsgerðina, þótt honum að visu sé það heimilt. Hér er greint á milli samningsumleitana (negotiation) og staðfestingar (ratification). Samkvæmt venju felur forseti öðrum samningsgerðina, en hans er að staðfesta samninginn með undirskrift sinni, og ná ákvæði málsgreinarinnar fyrst og fremst til staðfestingarinnar. Það er fyrst við staðfestinguna, sem samningurinn er orðinn skuldbindandi fyrir ríkið, og hann öðlast þá strax gildi, ef gildistökuákvæði hans sjálfs segja ekki til um annað.

Um embættisstöðu og skyldu utanríkisráðherra í sambandi við gerð millirikjasamninga er það að segja, að honum ber að undirrita samninga með forseta. Meðundirskrift ráðherra (contrasignatur) er nauðsynleg eftir þjóðrétti. Hún er að visu ekki sönnun þess, að farið hafi verið að öllu eftir fyrirmælum stjórnarskrár og laga, en hún á að vera trygging fyrir því, að forsetinn hafi skilið og vitað, hvað hann hefur skrifað undir.

Meðundirskrift ráðherra er einnig nauðsynleg eftir ríkisrétti. Samkvæmt 11. gr. stjkskr. er forseti ábyrgðarlaus, og samkvæmt 14. gr. stjkskr. ber ráðherra sá, er ritar undir millirikjasamning með forseta, ábyrgð á samningnum, og samkvæmt 19. gr. stjkskr. veitir meðundirskrift ráðherra staðfestingu forseta ríkisréttarlegt gildi.

Seinni málsgr. 21. gr. stjkskr. felur í sér takmörkun á ríkisréttarlegri heimild forseta til að gera samninga við önnur ríki. Greinin kveður Alþingi til og segir, að forsetinn geti ekki gert suma samninga án samþykkis Alþingis. Þessi takmörkun á ríkisréttarlegri heimild forseta í stjórnarskránni íslensku til að gera samninga við önnur ríki á sér hliðstæður í stjórnarskrám annarra ríkja, en með henni er verið að reisa skorður við því, að forsetinn geri samninga, sem ganga í herhögg við stjórnarskrána eða fela í sér afsal á landi eða landhelgi, og er takmörkunin fólgin í því að gefa þjóðkjörnum fulltrúum, Alþingi, stjórnarskrárlegt úrslitavald í gerð svo mikilvægra samninga.

Í seinni málsgr. 21. gr. er þeim samningum greinlega lýst, sem hér falla undir.

Í fyrsta lagi má forseti ekki afsala landi eða landhelgi án samþykkis Alþingis. Hið sama gildir um lofthelgina. Stærð landsvæðisins skiptir engu máli, en yfirráðarétturinn yfir því má ekki hverfa undir annað ríki, nema samþykki Alþingis komi til. Til dæmis, ef afsala ætti Vestmannaeyjum til Bretakonungs eða Njarðvíkum til Trumans, væru afsalssamningarnir ekki gildir að ríkisrétti fyrr en Alþingi samþykkti þá.

Í öðru lagi má forseti ekki gera neina samninga, sem fela í sér kvaðir á landi eða landhelgi, nema samþykki Alþingis komi til. Hér er átt við takmarkanir á yfirráðaréttinum, án þess að um hreint afsal sé að ræða. Það mundi til dæmis falla undir þetta ákvæði, ef önnur ríki hefðu notkunarrétt á landi, í landhelgi eða lofthelgi, sem þau ella mundu ekki hafa, svo sem rétt til heræfinga á slíkum yfirráðasvæðum íslenska ríkisins. Það mundi einnig falla undir þetta ákvæði, ef yfirráðarétturinn yfir landinu væri takmarkaður á þann hátt, að ríkið væri skuldbundið til

ákveðinna framkvæmda eða framkvæmdaleysis á landi sínu, t. d. byggingar hernaðarmannvirkja, o. fl. Engar slíkar takmarkanir á yfirráðarétti ríkisins yfir landi þess, landhelgi og lofthelgi má gera með samningum við önnur ríki án samþykkis Alþingis.

Að lokum má forseti ekki gera samninga við önnur ríki, ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Ákvæði þetta nær fyrst og fremst til stjórnskipunarlaganna, t. d. mætti ekki koma hér á ritskoðun eða afnema fundafrelsi með samningi við annað ríki, nema Alþingi samþykkti, auk þess sem þarf eftir sem áður að breyta lögnum eða stjórnarskránni á lögformlegan hátt.

21. gr. stj. skr. segir ekki, í hvaða formi samþykki Alþingis skuli gefið. Eðlilegast væri, að samþykki Alþingis væri gefið í þingsályktunarformi frá sameinuðu þingi eða frá báðum þingdeildum. Samþykki Alþingis í formi löggjafar væri líka gilt. Bráðabirgðalög væru hins vegar ekki gilt, þar eð þá lægi ekki fyrir samþykki þingsins.

### III.

Ákvæði 21. gr. íslenzku stjórnarskrárinnar eru mjög skýr og ótvíræð, enda eiga þau að vernda frumréttindi innbyggjara þessa lands: yfirráðarétt þeirra yfir öllu landinu. Þessi ákvæði eiga að tryggja, svo sem auðið er, að landið verði ekki af skíthælum selt undan Íslendingum, svo að gilt sé, í hendur erlendrar ríkja, án þess að fulltrúasamkunda þjóðarinnar fái að fjalla um málið. Í samræmi við þessa grein stjórnarskrárinnar er þingsályktun Alþingis frá 10. júlí 1941 um hverndarsamninginn við Bandaríkin og ályktun Alþingis frá 5. október 1946 um Keflavíkursamninginn, enda þótt í þessum tilfellum hafi verið beitt ofbeldi við Alþingi sjálft, þingskaparlög þverbrotin og þjóðin aldrei spurð ráða.

Að vísu var þingið 1941 ólöglegt og umboðslaust frá þjóðinni, þar eð þingmenn borgaraflokkanna höfðu lengt kjörtímabil sjálfra sín með frestun reglulegra alþingiskosninga, en það er önnur saga.

Nú er hins vegar gerður samningur við erlent ríki um afsal og takmarkanir á yfirráðaréttinum, án þess að fylgt sé fyrir mælum 21. gr. stj. skr. Hvert mannsbarn á Íslandi veit, að erlendar herstöðvar og erlend herseta í landinu er beint afsal á yfirráðarétti ríkisins yfir sérstökum landssvæðum og geysivíðtækar takmarkanir á yfirráðaréttinum yfir öðrum landssvæðum. Allir samningar um erlendar herstöðvar á Íslandi heyra undir 21. gr. stjórnarskrárinnar og þá má ekki gera nema Alþingi samþykki. Samt sem áður lætur Bjarni Benediktsson hafa sig til að gera við Bandaríkin herstöðvarsamning, án þess að fyrir liggja samþykkt Alþingis, svo sem 21. greinin áskilur. Bjarni Benediktsson hefur unnið drengskaparheit að íslenzku stjórnarskránni. Hvort man hann ekki það heit sitt, eða er svona litill drengskapurinn?

Alþingi var ekki kallað saman, og það sem meira er: ríkisstjórnin neitar að verða við kröfum 9 alþingismanna um að kalla saman þing til að fjalla um samninginn. Augljóst er, að undirskrift Bjarna Benediktssonar undir þennan samning, án þess að fullnægt sé ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar um samþykki Alþingis, er svívirðilegt stjórnarskrárbrot, gert á persónulega ábyrgð hans sjálfs, en jafnljóst er, að samningurinn er af sömu ástæðum ekki gildur að ríkisrétti og er því ekki skuldbindandi fyrir íslenzku þjóðina.

Enginn veit þetta betur en Bjarni Benediktsson sjálfur. Sú var tíðin, að hann var prófessor í lögum við Háskóla Íslands og kenndi lögfræðinemum einmitt stjórnlagafraeði. Þá gaf hann út kennslubækur eftir sjálfan sig og einnig bækur eftir aðra höfundu auknar og endurbættar. Í þær bækur ætla ég að vitna stuttlega um þau atriði, sem hér um ræðir, svo að ljóst sé, að ég fer með rétt mál:

„Um afsal lands segir svo í 17. gr. stj. skr. (nú 21. gr.), að konungur (nú forseti) geti eigi með samningum afsalað landi, nema Alþingi samþykki. Fyrr er afsalið ekki gilt . . . skiptir eigi máli, hvort landið er lítið eða stórt, ef Ísland aðeins afsalar sér yfirráðarétti yfir því . . . Ef Noregskonungur vildi nú fá Grimsey handa Noregi eins

og Ólafur Haraldsson forðum þá þyrfti samþykki Alþingis til þess skv. 17. gr. stjkskr. (nú 21. gr.) . . . Það skiptir eigi máli, hvort landið er afhent fyrir annað land, selt eða gefið eða samningurinn er kúgaður fram með valdi. Afhendingin er eigi gild að ríkisrétti nema Alþingi samþykki.“ (Ágrip af Íslenzkri stjórnlagafraeði eftir Einar Arnórsson, gefin út af Bjarna Benediktssyni með breytingum og viðaukum, — bls. 10). Og enn fremur:

„En hvað sem þessu og þjóðarréttarlegu gildi samnings liður, er brotið á móti íslenskum ríkisrétti, ef vanrækt er að fá samþykki Alþingis á samningi, þegar það er nauðsynlegt skv. 17. gr. stjkskr. (nú 21. gr.).“ (Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraeði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 66).

Það er kaldhæðnislegt og sýnir gæfuleysi Bjarna Benediktssonar, að einmitt hann skuli hafa staðið ár eftir ár í æðstu menntastofnun þjóðarinnar og haldið þeim skilningi á 21. gr. stjkskr. að nemendum sínum, sem nú dæmir hann beran að því að hafa þverbrotið stjórnarskrá ríkisins í máli, er snertir helgasta rétt þjóðarinnar.

#### IV.

Auðvitað bar Bjarna Benediktssyni að afla lögformlegs samþykkis Alþingis á samningnum, áður en hann lét hina bandarísku hermenn hertaka þá staði, sem þeir fá yfirráð yfir á Íslandi. Til að afla slíks samþykkis þurfti hann að láta kalla saman aukaping. Í stað þess smalar hann 42 þingmönnum „lýðræðisflokkanna“ saman og lýgur þá fulla af mikilli nákvæmni um, að Rússar séu að koma. Og sjá, — „af ótta við tröllin í þokunni hlaupa þeir allir fyrir björg“, en um þetta segir svo í tilkynningu ríkisstjórnarinnar hinn 7. maí s. l.:

„Samningsgerðinni er nú lokið, og höfðu allir þingmenn lýðræðisflokkanna þriggja, 43 að tölu, áður lýst sig samþykka samningnum, svo sem hann nú hefur verið gerður. Utanríkisráðherra Íslands hefur þess vegna í umboði ríkisstjórnarinnar undirritað samninginn af Íslands hálfu hinn 5. maí s. l., og var samningurinn sama dag staðfestur í ríkisráði af handhöfum valds forseta Íslands, svo sem lög standa til.“

Orðalagið „þess vegna“ á að blekkja almenning á Íslandi og gefa til kynna, að ályktun á þessum þingmannafundum jafngildi lögformlegu samþykki Alþingis á samningnum skv. 21. gr. stjkskr. og að hann sé þar af leiðandi gildur að ríkisrétti og skuldbindandi fyrir þjóðina. Ekkert er þó hlægilegri fjarstæða. Ákvarðanir þingm., sem teknar eru eftir að þingi er slitið og áður en það er kallað saman á ný, hafa ekkert lögformlegt gildi. Það er meira að segja hægt að vitna í Bjarna Benediktsson um þetta atriði:

„Áhrif þingslita eru fyrst og fremst þau, að ályktanir þingmanna, sem gerðar eru eftir það en áður en þing kemur saman á ný, eru marklausar, þótt gerðar væru með sama hætti og á löglegu þingi. Með þessu er auðvitað ekkert sagt um pólitískt gildi slíkra ályktana, en formlegt gildi þeirra er ekki neitt.“ (Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraeði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 18).

Þannig hefur Bjarni Benediktsson sjálfur fellt þann dóm meðan hann var prófessor í lögum við Háskóla Íslands, að ályktanir nokkurra þingmanna á klíkufundum séu marklausar og nægi þar af leiðandi ekki til að gera samning hans við hr. Lawson gildan og skuldbindandi fyrir þjóðina.

#### V.

Auk þeirrar skyldu að kalla saman aukaping til að fullnægja ákvæði stjórnarskrárinnar um samþykki Alþingis á samningnum var ríkisstjórninni skylt að leggja samninginn fyrir utanríkismálanefnd þingsins. Sú skylda hvílir á ríkisstjórninni hvort sem Alþingi situr eða situr ekki. Um þetta eru mjög skýr lagaákvæði, sem eiga að stuðla að því, að Alþingi hafi sem viðtækust áhrif og afskipti af samningsgerðum við önnur ríki:

„Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd

starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ (Þingskapalögin, 16. gr.).

Bjarni Benediktsson létur nú sem hann viti ekki af þessu lagaákvæði, en í kennslubókum hans er þetta að finna:

„Skylda ríkisstjórnarinnar til að bera mál undir utanríkismálanefnd er vafalaust viðtækari en svo, að hún eigi einungis við um þau mál, er samþykki þingsins þarf við um, því að það samþykki getur nefndin eigi veitt.“ (Ágrip af íslenskri stjórnlagafraeði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 67).

Það er mjög alvarlegt lagabrot af ráðherra að ganga fram hjá utanríkismálanefnd og meina henni afskipti af utanríkismálum, sem hún á að hafa samkvæmt lögum. Þó verður að líta enn alvarlegri augum á þetta lagabrot Bjarna Benediktssonar, að fara á bak við utanríkismálanefnd með samning um erlendar herstöðvar á Íslandi, fyrir þá sök, að fyrir liggur álit utanríkismálanefndar frá því í júlí 1945, sem staðfest var af Alþingi, þar sem skýrt er fram tekið, að íslenska þjóðin vilji engar erlendar herstöðvar hafa í landi sínu. Þetta álit utanríkismálanefndar er enn í fullu gildi og Alþingi gerði það að sínu áli. Bjarni Benediktsson gerir sig því ekki aðeins sekan um stjórnarskrárbrót og brot á þingskapareglunum, heldur létur hann sér sæma að heimila með privatsamningi Bandaríkjunum herstöðvar í landinu þvert ofan í yfirlýsingu Alþingis.

## VI.

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar frá 7. maí s. l. segir svo meðal annars:

„Ríkisstjórnin hefur talið sjálfsagt að leita samþykkis þingmanna lýðræðisflokkanna þriggja um samningsgerðina. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ekki talið rétt að hafa samráð við þingmenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins, um öryggismál Íslands.“

Hér liggur hundurinn grafinn.

Þarna lýsir ríkisstjórnin sjálfri sér betur en á verður kosið. Þetta er hennar lýðræði. Þetta er hennar þingræði.

Yfirlýsing þessi greinir frá hinum raunverulegu ástæðum þess, að Alþingi var ekki kvatt saman til aukafundar, þegar skylt var samkvæmt stjórnarskránni, og að samningurinn var ekki borinn undir utanríkismálanefnd. Þannig stendur nefnilega á, að rúmlega 14 þúsund íslenskir kjósendur Sósíalistaflokksins eiga 9 fulltrúa á Alþingi, löglega kjörna í seinustu alþingiskosningum, hafandi öll réttindi og berandi allar skyldur alþingismanna samkvæmt lögum og stjórnarskrá, og einn af þessum 9 fulltrúum á sæti í utanríkismálanefnd þingsins. Það er vitað, að þessir 9 þjóðkjörnu menn eru ekki á sama máli og utanríkismálaráðuneytið í Washington um bandarískar herstöðvar á Íslandi, og samráð við þessa menn eru því mjög óæskileg(!) bæði frá sjónarmiði þeirra í Washington og amtmanns þeirra, Bjarna Benediktssonar. Og það er einmitt af hræðslu við þessa 9 menn og til að forðast þá, að ríkisstjórnin kallar ekki saman Alþingi og leggur ekki sanninginn fyrir utanríkismálanefnd. En það er ekki létt verk, þótt það sé löðurmannalegt, að sniðganga sjötta hluta Alþingis: Til þess að meina 9 rétt kjörnum alþingismönnum þátttöku í málum, sem heyra undir Alþingi, þarf hvorki meira né minna en að þverbrjóta íslensku stjórnarskrána og þingskapalögin.

Hér eru alvarlegir hlutir að gerast í íslensku stjórnsmálalífi undir handleiðslu Bjarna Benediktssonar. Hér er um að ræða hreint afnám Alþingis Íslendinga í þýðingarmesta máli þjóðarinnar: Tilttekinn meiri hluti þingmanna tekur sig til og útilokar tiltekinn minni hluta þingmanna frá þátttöku í störfum, sem heyra samkvæmt lögum og stjórnarskrá undir Alþingi. Slík útilokun er vitaskuld ekkert annað en afnám Alþingis hvað þessi störf snertir og stórhættulegt fordæmi. Alþingi Íslendinga hefur að vísu orðið að þola margt ofbeldi af hendi danskra og bandarískra, en þá verður óhamingju Íslands allt að vopni, þegar íslenskur tekur sig fram um að sýna Alþingi þá litilsvirðingu og það ofbeldi, að afnema

það í þýðingarmesta málaflokki þjóðarinnar með því að ráðstafa upp á eigin spýtur landi og réttindum þjóðarinnar.

## VII.

Niðurlagsorð mín eru þessi:

Samningur, sem heimilar erlendu ríki að hafa herstöðvar og herlið á Íslandi um ófyrirsjáanlegan tíma, fellur ótvírætt undir ákvæði 21. greinar stjórnarskrárinnar frá 1944, og slíkan samning má því ekki gera nema Alþingi hafi samþykkt hann lögformlega.

Þar sem slíkt samþykki Alþingis lá ekki fyrir 5. maí s. l. um „varnarsamninginn“ við Bandaríkin og þar sem ályktanir nokkurra þingmanna meðan Alþingi situr ekki á rökstólum eru marklausar, þá skorti handhafa forsetavalds ríkisréttarlega heimild til að staðfesta samninginn, og meðundirskrift Bjarna Benediktssonar gerð á hans persónulegu ábyrgð, þar eð honum var ljóst, að ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar hafði ekki verið fylgt.

Þar sem hins vegar ríkisréttarlega heimild skorti til að staðfesta samninginn, er hann ekki gildur að ríkisrétti né skuldbindandi fyrir íslensku þjóðina.

Ingi R. Helgason.

### Fylgiskjal III.

#### Nokkur dæmi um aðfarir Bandaríkjanna við smáriki.

1893 setti Bandaríkjastjórn her á land á Hawaieyjum. Ríkisstjórn landsins mótmælti við sendiherra Bandaríkjanna. Hinn ameríski her setti þá ríkisstjórnina frá völdum og setti aðra stjórn, sem var þægt verkfæri hinna amerísku auðmanna, sem vildu fá eyjarnar til aukinnar sykurræktar. Nú eru þær ein helzta herstöð Bandaríkjanna.

Í nóvember 1903 skipulögðu Bandaríkin uppreisn á Panamasvæðinu, sem var hluti af Kolumbíu. Síðar viðurkenndi Bandaríkjastjórn Panama sem sérstakt ríki og kom þar á leppstjórn og samdi við hana um yfirráð yfir landssvæði undir Panamaskurðinn.

Á árunum 1911—1917 höfðu amerískir bankar undir forustu National City Bank í New York náð vaxandi ítökum í bönkum hins sjálfstæða lýðveldis Haití. Samhliða vildi Bandaríkjastjórn ná völdum yfir landinu. Í desember 1914 lét hún herlið sitt ráðast í land á Haití og taka 500000 dollara úr bankahvelfingu þjóðbankans og flytja út í ameríska herskipið „Machias“. 1915 tók amerískur her Haití á vald sitt, lét velja þann mann fyrir forseta, sem Bandaríkjastjórn vildi, og gerði þann samning við Bandaríkin, sem þau óskuðu eftir (sjá U. S. Foreign Rel. 1915, tíðindi Bandaríkjaþings um samskipti við önnur lönd bls. 476, 479—480, og U. S. „Haiti Hearings“), Undir hersetu Bandaríkjanna var knúin fram ný stjórnarskrá fyrir Haití, sem svipti íbúana mörgum dýrmætustu lýðréttindum. „National City Bank“ fékk einokunarvald yfir lánsfjármálum eyjarinnar, og amerískir auðmenn náðu á skammri stund öllum tókum á efnahagslífi eyjaskeggja. Öll frelsisbarátta eyjaskeggja var kæfð í blóði. Ógnarstjórn Ameríkana á Haití á fimm árum, frá 1916 til 1921, var slík eftir því sem helztu menn Haití lýstu því við rannsóknarnefnd ameríska öldungaráðsins 1921, að „Haitibúar hefðu á síðustu 5 árum þolað meira tjón, pínungar, eyðileggingar og eynd en annars í allri sinni ógæfusömu fortíð.“ — Haití er enn í dag raunveruleg nýlenda Bandaríkjanna.

Kuba hefur frá 1899 verið raunveruleg nýlenda ameríska auðvaldsins, sem hefur sölsað undir sig dýrmætustu auðlindir landsins. Fjórum sinnum á tímabilinu 1899—1919 hefur Bandaríkjastjórn ráðizt með her inn í Kubu og hvað eftir annað haldið landinu hernumdu í mörg ár. Allar þessar innrásir frömdu Bandaríkin undir yfirsíkinu „varnarsamnings“ við Kubu, sem þau neyddu þing Kubu til að taka upp í stjórnarskrá landsins 1901. (Sbr. U. S. Foreign Relations 1902, bls. 321, og 1904, bls. 244). Þá höfðu Bandaríkin her sinn þar í landi.

Þannig mætti lengi rekja yfirgang Bandaríkjastjórnar við smáriki, þegar amerískt auðvald hefur haft ágirnd á auðlindum slíkra landa eða þeim sjálfum fyrir herstöðvar. Nicaragua, Filíppseyjar og önnur smáriki hafa sömu ljótu söguna að segja.

Nú ætla Bandaríkin Íslandi sömu örlög og þessi ríki hlutu á tímabilinu 1890--1920.